

4. fundur Betadeildar starfsárið 2020-2021

Bókafundur haldinn á Zoom 19. janúar 2021

Setning fundar

Hildur formaður bauð konur velkomnar á fund og flutti kveðjur frá nokkrum fjarstöddum konum. Sigrún Aðalgeirsdóttir kveikti á kertum.

Fundargerðir

Elín las fundargerðir síðustu þriggja funda og voru þær allar samþykktar.

Erindi frá stjórn

- Hildur flutti Maríu Steingrímsdóttur afmælistveðjur í tilefni sjötugsafmælis hennar og rifjaði upp nokkrar staðreyndir um merkisdaginn þann þegar María kom í þennan heim en þá ku m.a. hafa verið togaraverkfall. Maríu hafði á afmælisdeginum borist sending frá Betasystrum, gjöf sem gefur og þakkaði María gjöfina og taldi upp úr pakkanum námsgögn, sápur og rósir sem koma til með að nýtast vel þeim sem á þurfa að halda.
- Hildur minnti konur á pyngjuna góðu sem getur að sjálfsögðu ekki gengið sinn vanagang á fundum okkar Betasystra en að alltaf sé hægt að leggja beint inn á reikninginn.
- Hildur sagði umsóknarfrest um Scholarship styrkinn vera til 1. febrúar og hvatti konur sem eru í framhaldsnámi eða huga að því til að sækja um. Einnig bauðst Hildur til að aðstoða konur við umsóknir lendi þær í vandræðum.
- Hildur minnti konur á að landssambandsþing sé fyrirhugað í Reykjanesbæ í vor.

Umræða um bækur í umsjón undirbúningshóps

Fyrir hönd undirbúningshóps tóku María Steingrímsdóttir og Anna Þóra Baldursdóttir við stjórnartaumum fundar í þessum fundarlið. María stýrði röð bóka og Anna Þóra hélt á klukkunni. Allt gekk þetta vel fyrir sig og voru fjórtán bækur teknar til umræðu af nítján konum en nokkrar konur fjölluðu sameiginlega um bók.

Fundarslit

Hildur þakkað undirbúningshópnum fyrir vel heppnaðan fund sem og Helenu fyrir að halda öruggum höndum um tæknimálin. Hildur bauð Sigrúnu að slökkva á kertum og sleit fundi kl. 21:12.

Fundargerð ritaði Elín Elísabet